

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Eignar 50.2.1
Fylgsla
Mottöl 22 JÚNÍ 2011
11 06 0097

**SAMNINGUR
UM RANNSÓKNASTOFU Í NÆRINGARFRÆÐI**

Háskóli Íslands og Landspítali gera með sér svofelldan samning um Rannsóknastofu í næringarfræði:

1.gr. Almenn

Rannsóknastofa í næringarfræði er vísindaleg rannsóknastofnun við Háskóla Íslands og Landspítala sem hefur samstarf við háskóla, deildir spítalans og aðrar stofnanir um rannsóknir á sviði næringarfræði. Stofnunin er vettvangur vísindarannsókna og þróunarstarfs á sviði næringarfræði.

Rannsóknastofa í næringarfræði lýtur sérstakri stjórn og hefur sjálfstæðan fjárhag á grundvelli þessa samnings.

2.gr. Markmið

Markmið Rannsóknastofu í næringarfræði eru:

- a. að vera miðstöð rannsókna á sviði næringarfræði sem heilbrigðisvísindagreinar sem tengir heilbrigðis- og raunvísindi við þekkingu á menningu og félagslegum aðstæðum, iðnaði og markaði,
- b. að efla tengsl rannsókna og kennslu í næringarfræði við Háskóla Íslands og aðra háskóla,
- c. að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi og rannsóknatengdu námi leiðsögn, aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa eftir því sem kostur er,
- d. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaaðila á sviði næringarfræði og í öðrum vísindagreinum og sterkum tengslum við atvinnu og þjóðlíf,
- e. að hafa þverfaglega samvinnu, við önnur fræðasvið auk annarra sem starfa á sviði næringarfræði, til að stuðla að aukinni þekkingu og hagnýtum næringarfræðilegum lausnum,
- f. að stuðla að útgáfu næringarfræðiritra og rita um rannsóknaniðurstöður,
- g. að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi næringarfræði.

3.gr. Stjórn

Stjórn skal skipuð fjórum fulltrúum til þriggja ára í senn. Skulu tveir skipaðir af rektor og tveir af forstjóra Landspítala. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnarmenn skipta með sér verkum.

Hlutverk stjórnarinnar er m.a. að vera til stuðnings við að marka stefnu stofnunarinnar.

4.gr. Fjármál

Tekjur Rannsóknastofu í næringarfræði eru

- a. framlag frá ríkissjóði eins og kveðið kann að vera á um í fjárlögum,
- b. styrkir til einstakra rannsóknarverkefna,
- c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- d. tekjur af útgáfustarfsemi,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir.

Viðbótarkostnaður sem til fellur vegna einstakra verkefna skal borinn af viðkomandi verkefni. Rannsóknirnar munu koma fram í yfirliti yfir starfsemi rannsóknastofunarinnar en hver rannsókn er sjálfstæð og er á ábyrgð viðkomandi rannsakenda.

5.gr. Aðstaða

Heimili Rannsóknastofu í næringarfræði er á Landspítala og aðstaða fyrir starfseminum er sett upp í samvinnu við spítalann. Önnur aðstaða er samkvæmt samningum um einstök verkefni.

6.gr. Starfslið og forstöðumaður

Starfslið stofunnar eru

- a. starfsmenn HÍ og LSH sem fengið hafa starfsaðstöðu á stofunni samkvæmt samningi við háskóladeildir eða aðrir sem fengið hafa starfsaðstöðu samkvæmt samningi,
- b. starfsfólk sem þörf kann að vera á að ráða til að styðja við starfsemi rannsóknastofunnar,
- c. gistikennarar, sérfræðingar, stundakennarar og nemar í rannsóknatengdu námi, sem sinna tímabundnum verkefnum í næringarfræði eða skyldum greinum, samkvæmt ákvörðun forstöðumanns,
- d. stúdentar sem vinna að verkefnum á stofunni í tengslum við nám.


Við það er miðað, að forstöðumaður stofunnar komi úr hópi starfsliðs hennar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofunnar. Stjórn getur lagt til við forstjóra LSH og háskólarektor að til stofunnar sé sérstaklega ráðinn forstöðumaður. Um ráðningarmálið skal þá fjallað í stefnunefnd sem starfar á grundvelli samstarfssamninga HÍ og LSH.

7.gr. Gildistaka og uppsögn samnings

Samningur þessi, sem er gerður í tveimur samhljóða eintökum, öðlast gildi við undirritun. Samningurinn er í upphafi gerður til sex ára en samningsaðilar munu fyrir mitt ár 2016 taka afstöðu til þess hvernig samstarfi um stofuna verður fram haldið. Á gildistíma samningsins er heimilt, með samþykki allra stjórnarmanna, að gera breytingar á honum.


Reykjavík, 16. júní, 2011

F. h. Háskóla Íslands



Kristín Ingólfsson
rektor

F.h. Landspítala



Björn Zoëga
forstjóri